

Raichinov gegn Búlgaríu
Dómur frá 20. apríl 2006
Mál nr. 47579/99
10. gr. Tjáningarfrelsi
Meiðyrði. Opinberir starfsmenn.

1. Málsatvik

Kærandi, Hristo Peshev Raichinov, er búlgarskur ríkisborgari (f. 1935) og býr í Sófíu. Á þeim tíma er atvik málsins áttu sér stað var hann yfirmaður deildar í búlgarska dómsmálaráðuneytinu sem hafði umsjón með fjármálum dómstóla. Hinn 15. desember 1993 sat kærandi fund hjá dómstólaráði, svo sem venjan var þegar ræða átti fjármál dómstóla. Vararíkissaksóknari, S, sat einnig fundinn. Meðan á fundinum stóð sagði kærandi: „Þið hafið ákveðið að láta S sjá um fjármálin. Ég tel að hann sé óheiðarlegur og get sýnt fram á það.“ Fundurinn leystist upp í kjölfarið. Ríkissaksóknari, sem einnig sat fundinn, mælti þegar fyrir um rannsókn til að undirbúa refsímál á hendur kæranda vegna ummæla hans um S.

Saksóknari í Sófíu ákærði síðar kæranda fyrir að hafa ráðast með móðgunum að opinberum starfsmanni, enda hefðu ummæli hans skaðað æru og mannorð S. Var kærandi sakfelldur, dæmdur til greiðslu sektar og veitt áminning með dómi. Kærandi áfrýjaði dóminum en niðurstaðan var staðfest á efri dómstigum. S var ekki aðili að málarekstrinum og gerði enga kröfu um bætur sér til handa.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með sakfellingu hans fyrir að tjá persónulegar skoðanir sínar á vararíkissaksóknara hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók fram að sá sem kærandi móðgaði hefði verið háttsettur embættismaður og opinber persóna. Væru heimildir til gagnrýni við þessar aðstæður rýmri en ella, þótt ekki væru þær takmarkalaugar. Þá benti dómstóllinn á að ummæli kæranda hefðu komið fram í þröngum hópi manna á lokuðum fundi. Ummælin hefðu ekki falið í sér neina ógnun við S eða verið til þess fallin að hindra hann í starfi. Neikvæð áhrif ummælanna á mannorð S væru í raun engin eða afar takmörkuð.

Enn fremur var það skoðun dómstólsins að framsetningu ummælanna á lokuðum fundi mætti túlka sem þátt í umræðu um mál sem snerti almannahagsmuni og nyti því enn ríkari verndar 10. gr. sáttmálans. Þá var einnig tekið fram að kærandi hefði verið reiðubúinn til að skýra mál sitt frekar og færa sönnur á orð sín.

Þá leit dómstóllinn til þess að kærandi var hvorki sóttur til ábyrgðar í einkamáli né látinn sæta stjórnsýsluviðurlögum heldur var höfðað opinbert refsímál á hendur honum. Refsimálið var höfðað að frumkvæði yfirmanns S en S var hvorki aðili að málinu né setti hann fram miskabótakröfu vegna þess. Í þessu samhengi benti dómstóllinn á að síðar hefði verið fallið frá þessari skipan varðandi ærumeiðingar í garð opinberra starfsmanna og væri nú undantekningarlaust höfðað einkamál í slíkum tilvikum.

Það var álit dómstólsins að þar sem ummæli kæranda voru sett fram munnlega og sem liður í samræðum, en ekki í prentuðu máli, hefðu viðbrögð ríkissaksóknara verið of harkaleg og ekki í samræmi við misgerð kæranda í garð S. Dómstóllinn tók fram að handhafar opinbers valds hefðu átt kost á öðrum og vægari úrræðum til að bregðast við óréttmætri gagnrýni. Engar brýnar þjóðfélagslegar ástæður væru fyrir þessum takmörkunum á tjáningarfrelsi kæranda. Voru þær því ekki taldar nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar bætur að upphæð 23 evrur vegna fjárhagslegs tjóns, 2.000 evrur í miskabætur og 1.500 evrur vegna málskostnaðar.